

# Lög

## um breytingu á lögum nr. 18/1984, um Þjónustu- og endurhæfingarstöð sjónskertra, með síðari breytingu.

---

### 1. gr.

1. mgr. 4. gr. laganna orðast svo:

Stofnunin skal annast hvers konar þjónustu við sjónskerta sem sjúkratryggðir eru samkvæmt lögum um almannatryggingar, svo sem sjúkdómsgreiningu, mælingu, úthlutun sérhæfðra hjálpartækja, þjálfun og hvers konar endurhæfingu sem sjónskertir þurfa á að halda. Heimilt er að veita sjónskertum sem ekki eru sjúkratryggðir samkvæmt lögum um almannatryggingar sömu þjónustu gegn gjaldi, sbr. 2. mgr. 6. gr.

### 2. gr.

2. mgr. 5. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra skal setja reglugerð um þátttöku ríkisins í kostnaði við sérhæfð hjálpartæki fyrir sjónskerta að höfðu samráði við stofnunina.

### 3. gr.

6. gr. laganna orðast svo:

Sjúkratryggður einstaklingur samkvæmt lögum um almannatryggingar skal greiða gjald fyrir sérfræðilæknisþjónustu og rannsóknir samkvæmt ákvæðum laga um almannatryggingar og reglum settum með stoð í þeim lögum.

Einstaklingur sem ekki er sjúkratryggður hér á landi skal greiða gjald samkvæmt gjaldskrá sem ráðherra setur.

### 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

---

*Samþykkt á Alþingi 16. mars 2004.*